

**A 1685/presidiet**

Flytjandi:
Landsdeild Finnlands og
landsdeild Íslands

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00254-2

Þingmannatillaga um að allar norrænu þjóðtungurnar verði viðurkenndar sem opinber vinnutungumál í Norðurlandaráði

Tillaga

Landsdeild Finnlands og landsdeild Íslands leggja til

að 70. gr. í starfsreglum Norðurlandaráðs verði breytt á þá leið að finnsku og íslensku verði bætt við sem opinberum vinnutungumálum í Norðurlandaráði, samhliða dönsku, norsku og sænsku.

Forsaga

Á Norðurlöndum eru talaðar fimm þjóðtungur: danska, finnska, íslenska, norska og sænska. Þetta kemur m.a. fram í yfirlýsingu Norðurlandaráðs um norræna málstefnu frá árinu 2006. Vinnutungumál í norrænu samstarfi eru danska, norska og sænska. Íslenska og finnska eru ekki vinnutungumál í Norðurlandaráði og hafa því lakari stöðu á vettvangi norræns samstarfs. Þetta er að okkar mati óréttlátt.

Það að tiltekin mál séu opinber vinnutungumál felur í sér að öll skjöl Norðurlandaráðs eru skrifuð og öll samskipti fara fram á einhverju þessara mála. Finnsku- og íslenskumælandi þingmenn Norðurlandaráðs geta ekki afhent skrifstofu Norðurlandaráðs skriflegar fyrirspurnir, þingmannatillögur eða önnur skjöl á finnsku eða íslensku til umfjöllunar. Auk þess fer starfsemi skrifstofu Norðurlandaráðs fram á skandinavísku málunum þremur. Það gerir að verkum að finnsku- og íslenskumælandi einstaklingar njóta ekki jafnræðis þegar þeir sækja um störf á skrifstofunni eða þegar ráðið er í stöður.

Tungumálið skiptir sköpum við mótun sjálfsmyndar. Fólk á auðveldara með að samsama sig stofnunum þar sem móðurmál þess nýtur viðurkenndrar stöðu. Um 20 prósent Norðurlandabúa tala finnsku að móðurmáli, eða nokkurn veginn jafn margir og tala dönsku. Norðurlandaráð er vettvangur þjóðkjörinna þingmanna og jafnræðis ætti að gæta í störfum þess í þágu allra Norðurlandabúa.

Eigi Norðurlandaráð að geta sýnt að starf þess fari fram á forsendum jafnræðis, réttlætis og samkvæmt almennum grundvallarreglum lýðræðisins, ætti Norðurlandaráð að viðurkenna finnsku og íslensku sem dagleg vinnutungumál. Það myndi hafa jákvæð áhrif á opinbera ímynd norræns samstarfs og viðhorf almennings gagnvart því á Íslandi og í Finnlandi.

Reykjavík og Helsinki, 5. október 2016

Brynjar Níelsson (Sj.)

Elín Hirst (Sj.)

Höskuldur Þór Þórhallsson (F)

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)

Róbert Marshall (Björt framtíð)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Vigdís Hauksdóttir (F)

Anna-Maja Henriksson (sv)

Arja Juvonen (saf)

Arto Pirttilahti (cent)

Britt Lundberg (ÅC)

Erkki Tuomioja (sd)

Hanna Kosonen (cent)

Johanna Karimäki (gröna)

Juhana Vartiainen (saml)

Juho Eerola (saf)

Katri Kulmuni (cent)

Laura Huhtasaari (saf)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Mikael Staffas (Lib)

Mikko Kärnä (cent)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Petri Honkonen (cent)

Simon Elo (saf)

Susanna Koski (saml)

Ville Skinnari (sd)

Wille Rydman (Saml)

Norðurlandaráð

A 1685/presidiet

Flytjandi:

Landsdeild Finnlands og

landsdeild Íslands

Afgreiðsla:

Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00254-2